

## Stjórnarfundur 8 þriðjudaginn 12. janúar 2016 kl. 16.30 í Fundarsal A.



Mætt; Jason Ívarsson, Stefán Jóhannesson, Hrafnhildur Theódórsdóttir, Árni Jón Eggertsson, Kristján Geir Guðmundsson, Steinn Einarsson og Sigurbjörn Árni Arngrímsson var á Skype. Jóhannes Egilsson mætti úr strandblaknefnd BLÍ í byrjun fundarins. *Afboð og mættu ekki: Brynja María Ólafsdóttir.*

### Dagskrá

- **Strandblaknefnd BLÍ heimsækir stjórn**
- **Sporttv**
- **Bikarkeppni BLÍ, hentug dags fyrir bikardrátt og tímasetning 8 liða úrslita**
- **Landsliðsmál**
- **Önnur mál**
  - **Evrópumót Smáþjóða**
  - **Felix**

### Fundargerð

#### Strandblaknefnd BLÍ heimsækir stjórn

- Til umræðu var skjal frá nefndinni um mótamál í strandblaki. Nokkuð góðar umræður áttu sér stað og efnilega var allt kynnt og rætt.
- Strandblaknefnd gefinn tími til að klára skjalið og gefa það út.

#### Sporttv

- Ekki tókst að finna fjármagn fyrir deildakeppnina í vetur
- Sporttv er að undirbúa úrslitakeppnina
- Einhver fyrirtæki voru klár með minni upphæðir og hægt kannski að ná í fjármagn þar.

#### Bikarkeppni BLÍ

- Dregið 27. janúar
- Rætt var um að fá erlendar dómara í bikarúrslit. Grant McIntyre frá Skotlandi. Hann er jákvæður um að koma og hefur fengið leyfi til að koma frá sínu sambandi.

#### Landsliðsmál

- Stór ferð í undirbúningi til Ítalíu. EM og undankeppni HM. Búið að ákveða að slá þessu saman í mótið. A lið kvk, U18 og U16 kvenna og U17 karla. Stór ferð – vikuferð. Fjáröflun, reynt að hafa 100.000 kr. Á haus en kostnaðurinn er 150.000. A landsliðið fær boðið og er kostnaður þar því minni á haus.
- EM/HM leikið í lok maí eða byrjun júní.
- Novotel Cup rætt og árangur íslensku liðanna. Stelpurnar stóðu sig vel með bronsið en strákarnir í 4. sæti. Áhyggjuefni að sjá hvernig LUX er að komast fram úr í getu.
- Heimsókn LUX 13.-17. maí í æfingabúðir. Byrjað er að undirbúa komu liðsins.

#### Önnur mál

- CEV SCD riðill á Íslandi, kk riðill B. Dregið um skipuleggjanda og kom Ísland upp úr pottinum. Síðan var dregið einnig um FINALINN sem er 2017 og kom Ísland upp úr hattinum.
- Nokkuð ljóst að annan fund þarf í skipulag vegna þessa máls – í næstu viku.
- Athugað um hjá stjórn hvort við gætum haldið Evrópuþing CEV árið 2018.
- Felix. Aðeins rætt um nýjan Felix sem er að koma.
- Funduðum með Einari útaf Altís samningi. Samningurinn er í gildi en úttektin er nánast búin. Mizunodeildin er á sínu öðru ári af þremur.
- Fjáröflun í vor. Finna leiðir til að fá aðstoð. Frestað til næsta fundar.

- DataVolley. Áhyggjur um að þetta gangi ekki nógu vel. Óli hefur verið að fara yfir leiki og segir þetta batnandi en það þarf fleiri námskeið.
- Sævar verður í fríi frá 2.-8. febrúar og skrifstofan lokuð á meðan.

*Fleira var ekki rætt á fundinum*

*fundi slitið kl. 18.25*

*Sævar Mór Guðmundsson ritaði fundargerð*